



## 5. formannafundur Aftureldingar 20.okt. 2011

Fundur settur kl. 18:30

**Mætt frá deildum:** **Handbolli:** Auður Gunnarsdóttir ; **Fótbolti:** Hallur Birgisson, Kolbrún Þorsteinsdóttir **Blak:** Guðrún Kristín Einarsdóttir, **Frjálssar:** Hlynur Guðmundsson, **Sund:** Ragnar

**Mætt frá aðalstjórn UMFA:** Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir, Helga Jóhannesdóttir. Ásmundur Pálsson og Hekla Klemenzdóttir höfðu boðað forföll.

### Dagskrá:

1. Framtíðarverkefnið
2. Uppskeruhátíðin
3. Styrktaraðilar
4. 50+ mót
5. Önnur mál.

#### **1. Framtíðarverkefnið.**

Formaður ræddi um hvað eigi að gera þar sem ekki hafi náðst þátttaka meðal deildanna. Formaður leggur til að Viðar verði fenginn til að koma á formannafund fljótlega og kynna betur verkefnið. Þeir formenn sem eru viðstaddir samþykkja.

#### **2. Uppskeruhátíðin.**

ASG kynnti þá hugmynd aðalstjórnar að hópur tæki að sér að skoða undirbúning og framkvæmd Uppskeruhátíðarinnar og lét ganga punkta sem aðalstjórn tók saman í kjölfar hátíðarinnar ásamt þeim punktum sem formenn höfðu sent inn. Tillaga aðalstjórnar um að setja upp tímabundinn hóp sem tekur að sér að skoða framkvæmd og skipulag Uppskeruhátíðar fékk engan hljómgrunn meðal viðstaddra og ekki talin nauðsynleg. Formaður blakdeildar upplýsti að til séu gátlistar um framkvæmdina sem formaður leggur til að aðalstjórn finni og skoði.

#### **3. Styrktaraðilar.**

Formaður ræddi markmiðið um að félagið nái fáum og stórum styrktaraðilum fyrir félagið í heild sinni. Formaður nefnir hugmynd um að hafa fund þar sem farið er yfir hverjir búa í bænum m.t.t. þess hvort í bænum finnist fólk sem geti útvegað stóra styrktaraðila. Helga upplýsir að hún hafi sent inn lista með nöfnum sem falla undir þessa hugmynd. Spurt um stöðu samninga við N1 en ekki hægt að gefa svör á fundinum. Formaður nefnir einnig styrktarfélagakerfi Þróttar sem ekki þarfnast mikils utanumhalds. Umræða um nauðsyn þess að þessi styrkjamál fari í vissan farveg. Formaður blakdeildar nefnir hugmynd um jólakveðjublað. Formaður

spyr hvað fólki finnst besta leiðin til að fá nýja aðila. Maður á mann. Formaður spyr hvort möguleiki sé á að stofna hóp sem safnar upplýsingum um vænlega styrktaraðila. Hugmynd formanns um skipan hóps fékk ekki hljómgrunn en formaður tilkynnti að hóað yrði í einhverja til skrafs og ráðagerða. Hugmynd frá frjálsum um að nefna Varmá eftir stórum styrktaraðila sem þá greiddi stöðu íþróttafulltrúa. Formenn deilda sendi formanni nöfn sem vænleg eru til að skoða samstarf og tengsl viðkomandi við félagið.

- 4. 50+ mótið** Formaður sagði frá því að Helga og Guðjón séu fulltrúar í undirbúningsnefnd mótsins fyrir hönd félagsins. Dagsetning mótsins hefur verið ákveðin 8., 9. og 10. júní. Formaður upplýsti að leitað verði til allra deilda félagsins um þátttöku í undirbúningi og framkvæmd mótsins. Einnig verði leitað til annarra tólmstundafélaga í bænum. Ef einhver hagnaður verður af mótshaldinu fellur hann Aftureldingu í skaut.
- 5. Önnur mál.** Spurt var fréttu af húsnaðismálum og formaður sagði engar fréttir að hafa af þeim. Umræða varð um að líklega heyrðist ekkert fyrir en eftir að fjárhagsáætlun bæjarfélagsins verði lögð fram í lok nóvember. Spurt var um framkvæmdastjóra, stöðu fjármála og greiðslu reikninga og launa. Formaður fór yfir málin. Fjármunir frá bænum eru að koma inn þessa dagana og unnið er að því að ná yfirsýn yfir fjármál einstakra deilda á fundum með hverri deild. Fundarmenn sammála um að ráða þurfi gjaldkera í hlutastarf og upplýsti formaður að það væri hugmynd sem aðalstjórn væri nú þegar með í skoðun. Viðstaddir formenn lýstu vonbrigðum sínum með að fimleikdeild treysti sér ekki til að standa með öðrum deildum félagsins og aðalstjórn og vísuðu til þess að formaður fimleikadeildar vildi sitja hjá þegar búningamálsbréfið var til umræðu og undirritunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar